

Jónsmessunefnd

Sölvhólsvör, Sölvhólsögötu 7

12. nóvember 2024

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Arnar Þór Sævarsson, Einar Þorsteinsson, Guðni Geir Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Ingilín Kristmannsdóttir og Jóhanna Sigurjónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Undir fyrsta lið tók jafnframt þátt í fundinum Helgi Valberg Jensson frá forsætisráðuneytinu og Jóna Guðný Eyjólfsdóttir og Anna Klara Georgsdóttir frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, vegna umræðu um vinnu hóps FOR um úrræði fyrir einstaklinga með fjölþættan vanda, öryggisþjónustu og öryggisvistun. Þá sátu fundinn Árni Sverrir Hafsteinsson frá innviðaráðuneytinu og Helga Jónsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu vegna umræðu um samráðsnefnd um opinber fjármál og upplýsingaveitu um fjármál sveitarfélaga.

1. Málafni fatlaðs fólks (framhald). Vinna hóps á vegum forsætisráðuneytisins um úrræði fyrir einstaklinga með fjölþættan vanda, öryggisþjónustu og öryggisvistun.

Helgi Valberg Jensson kynnti vinnu hópsins sem skiptist í tvennt. Annars vegar viðbragðsteymi ráðuneyta sem getur brugðist strax við innan þess ramma sem við höfum í dag. Hins vegar langtímaáætlun um samþætta þjónustu. Vinna er þegar hafin og á tímasett aðgerðaáætlun að liggja fyrir í desember.

Fulltrúar sveitarfélaga vilja ítreka þá afstöðu að öryggisvistanir eru ekki hluti af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga, heldur hafa verið og eru á hendi ríkisins. Öryggisvistun er sérhæft úrræði fyrir einstaklinga sem geta verið hættulegir sjálfum sér og öðrum. Sveitarfélögin hafa ítrekað kallað eftir því að skýr rammi yrði settur um öryggisvistanir með setningu laga og reglugerðar og að úrræði verði komið á fót hið fyrsta. Sveitarfélögin leggja einnig áherslu á að þegar til umræðu eru mál er þeim tengjast þá eigi þau þar fulltrúa.

2. Samráðsnefnd um opinber fjármál og upplýsingaveita um fjármál sveitarfélaga – umræða.

Árni Sverrir Hafsteinsson frá innviðaráðuneytinu fjallaði um upplýsingaveitu sveitarfélaga og ákveðna þætti sem þarf að laga. Mikilvægt er að tryggja gæði gagnanna, þau komi rétt inn í grunninn án þess að leggja þurfi mikla vinnu í leiðréttingar eftir á.

Helga Jónsdóttir, formaður samráðsnefndar um opinber fjármál, fjallaði stuttlega um hlutverk og verkefni nefndarinnar.

3. Grindavík – staða og horfur. Kynning á drögum að skýrslu forsætisráðherra til Alþingis.

Dagskrárlið frestað.

Fundi slitið kl. 13:50.